



# Jarðhitafélag Íslands

---

## Fundargerð 99. stjórnarfundar Jarðhitafélags Íslands mánudaginn 31. október 2011 kl. 15:00 í húsakynnum Samorku.

Mættir: Bjarni Pálsson varaformaður, Ásgeir Margeirsson, Claus Ballzus, Gústaf Adolf Skúlason, Magnús Ólafsson og Sigurður M. Garðarsson. Forföll boðuð: Jakob S. Friðriksson, formaður.

Í fjarveru formanns stýrði BP fundi.

### 1. Fundargerð síðasta fundar.

Fyrirliggjandi drög samþykkt.

### 2. Haustfundur JHFÍ.

Áfram var rætt um nær fullbúin drög að dagskrá haustfundarins, sem haldinn verður 6. desember í Orkugarði. BP hefur umsón með lokafrágangi.

### 3. Nýir félagsmenn.

Í kjölfar lagabreytinga á síðasta aðalfundi félagsins koma beiðnir um inngöngu í félagið nú til afgreiðslu í stjórn, í stað aðalfundar áður. Þrjár beiðnir um inngöngu hafa borist frá síðasta aðalfundi og var þeim öllum tekið fagnandi af stjórninni. Þetta eru þau Ágúst Torfi Hauksson Norðurorku, Guðrún Sævarsdóttir Háskólanum í Reykjavík og Guðjón Axel Guðjónsson Samtökum atvinnulífsins.

### 4. Önnur mál.

Rætt var um innheimtu félagsgjalda, en talsvert er um að fyrirtæki og stofnanir hafi ekki greitt félagsgjöld fyrir árið 2010. Áfram verður haldið með þá innheimtu.

Næsti fundur mánudaginn 16. janúar kl. 15:00, í húsakynnum HS Orku, Brekkustíg 36 Reykjanesbæ.

Fundi slitið kl. 16:10. Gústaf Adolf Skúlason, fundarritari

---